

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	7.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnargata 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Ingi Hjartarson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ari Sigursteinsson	Staðsetning	741265,622 507688,102

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram við eftirlit. Varða þau urðun umfram heimild starfsleyfis, ófullnægjandi skráningar, ófullnægjandi aðstöðu til mælinga, að skilafrestur ársyfirlits var ekki virtur, að viðbragðsáætlun sem byggð er á áhættumati vegna mögulegrar bráðamengunar var ekki til staðar við eftirlit og einnig að upplýsingar um tryggingar voru ekki aðgengilegar við eftirlit.

Fjórar ábendingar eru lagðar fram og varða þær að rekstraraðila ber að hafa til staðar öll viðeigandi gögn við eftirlit. Varða þær einnig skilum skráninga ársyfirlits, ábyrgð rekstraraðila á skilum upplýsinga og stærð pytta á urðunarstað.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Er rekstraraðila heimilt að urða allt að 3000 tonn á ári af meðhöndluðum úrgangi sem flokkast ekki sem spilliefni. Þó má urða stöðug óvirk spilliefni sem uppfylla ákveðin skilyrði. Síðasta breyting á starfsleyfi fór fram þann 13. ágúst 2021 og er gildistími starfsleyfis til 6. febrúar 2036.

Eftirlit var tvískipt. Fyrst var farið á urðunarstað í vettvangsskoðun þann 7. ágúst og var eftirliti fylgt eftir með fjarfundi þann 3. september.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Skoðunarferð á urðunarstað
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Mengunarslys á urðunarstað
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Í síðasta eftirliti komu fram tvö frávik. Vörðuðu þau að urðað var umfram heimild starfsleyfis og að upplýsingum var ekki skilað inn til Umhverfisstofnunar. Fékk þá rekstraraðili að auki tvær ábendingar vegna ófullnægjandi skila á upplýsingum úr niðurstöðum sýnataka. Við eftirlit nú er staðan álík. Umhverfisstofnun barst úrbótaáætlun þann 27. október 2023 og eru þau viðbrögð tekin fyrir eftir frávikum hér að neðan.

Samkvæmt skráningum voru urðuð 3216,74 tonn árið 2023, er það töluvert umfram það magn sem heimilt er að urða í starfsleyfi. Árið 2022 var einnig urðað umfram heimildir, þá 3780,93 tonn. Í úrbótaáætlun kom fram að mikil umsvif vegna atvinnustarfsemi hafi verið í sveitarfélaginu síðastliðin tvö ár og hefur því álag á innviði þess aukist, þ.m.t. á urðunarstaðinn. Rekstraraðili gerir grein fyrir því að þetta sé að hluta til tímabundið ástand og lýsi ekki hefðbundnu áferði. Hafa verið gerðar breytingar á úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu sem felst í aukinni flokkun í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur einnig hafið notkun á klippikortum og þannig eru fyrirtæki hvött til að flokka sinn úrgang betur ásamt breyttri gjaldtöku vegna úrgangs sem berst inn á

urðunarstað. Vonast rekstraraðili til að þær breytingar hafi áhrif til minnkunar á því magni úrgangs sem berst inn á urðunarstað. Þessar breytingar tóku í gildi í september 2023.

Sveitarfélagið setti fram áætlun um viðbrögð ef í það stefndi að urðun úrgangs færi framúr heimildum á urðunarstað, fælust viðbrögð m.a. í að setja upp magnkvóta á móttöku á blönduðum úrgangi frá fyrirtækjum eða að almennt sorp yrði baggað til útflutnings, fór rekstraraðili ekki eftir þeirri áætlun sem lögð var fram í úrbótaáætlun varðandi varaleiðir sem grípa skyldi til ef stefndi í urðun umfram heimildir starfsleyfis. Munur milli þess magns sem urðað var 2022 og 2023 er markverður, en þó utan heimilda í starfsleyfi. Þar sem fullnaðaráhrif úrbóta eru ekki komin fram verður staðan tekin út við árslok 2024, út frá þeim upplýsingum í ársyfirliti sem skilað er þann 1. maí 2025. Ljóst er að ef ekki næst að takmarka það magn sem urðað er, þurfi rekstraraðili að huga að endurskoðun starfsleyfis eða að öðrum úrræðum til að ná samdrætti í urðun.

Seinna frávikið varðar ófullnægjandi skil á skráningum. Við síðasta eftirlit, skorti skil á skráningum vegna daglegrar uppgufunar og mælinga á sigi. Árið 2022 minntist rekstraraðili á að rennslisrör hafi brotnað sem drenar sigvatn frá urðunarstaðnum þar sem mælingar á rennslis þess voru gerðar. Engin breyting hefur orðið á þeirri stöðu og því hafa rennslismælingar ekki verið gerðar á þessu ári. Auk þess hefur hæð grunnvatnsborðs ekki verið mæld. Samkvæmt úrbótaáætlun varðandi sigmælingar stóð til að mæling á grunnstöðu yrði gerð sumarið 2023 og fyrsta mæling framkvæmd 2024 sem verður þá skilað fyrst 2025. Við eftirlit nú er ljóst að sú áætlun hefur ekki gengið eftir.

Ársyfirliti ársins 2024 var ekki skilað í heild sinni vegna rekstrarársins 2023. Eftir eftirlit, þann 3. september barst stofnunni skil frá rekstraraðila vegna niðurstaðna úr mælingum sigvatns ásamt greinagerð vegna útstreymisbókhalds. Skil eru hins vegar ekki fullnægjandi varðandi tölulíði 2.-5. og 7.-13 undir 4.1 í starfsleyfi.

Var rekstraraðili spurður eftir viðbragðsáætlun, sem unnin er út frá áhættumati vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda vegna starfsemi urðunarstaðar, sbr. gr. 2.4 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Var hún ekki aðgengileg við eftirlit.

Var farið yfir tryggingar í eftirliti. Ber rekstraraðila að hafa í gildi tvær tryggingar, þ.e. fjárhagslega tryggingu, sem samkvæmt starfsleyfi er í formi ábyrgðaryfirlýsingar sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti þann 14. desember 2006, sbr. bókun í fundargerð bæjarstjórnar. Í eftirliti var óskað eftir staðfestu afriti af þeirri bókun.

Í gildi þarf einnig að vera ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16.gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Var rekstraraðili beðinn um afrit af fullnægjandi tryggingu, uppfærðri og í gildi vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Var sú trygging ekki til staðar við eftirlit..

Ekki er tilefni til ábendinga vegna verklags, aðkomu og ásýndar urðunarstaðar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

grein 1.2 í starfsleyfi:

Í starfsleyfi er heimild til urðunar úrgangs 3000 t á ári. Samkvæmt skráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar vegna ársins 2023 voru 3217 t af úrgangi urðuð og er það 7,23% meira en heimilt er.

- grein 4.1 í starfsleyfi: Skráningum vegna innra eftirlits er ábótavant. Vantar inn skráningar vegna hluta innra eftirlits, þ.e. tölulíði 2.-5. og 7.-13. Gera skal grein fyrir öllum atriðum í skýrslugjöf, og ef atriði koma ekki fram þar, ber að gera grein fyrir því hvar þær upplýsingar koma fram.
- grein 4.2 í starfsleyfi: Aðstaða er ekki fyrir hendi til að framkvæma rennslismælingar á sigvatni og ekki hefur verið staðið að mælingum vegna hæða grunnvatnsborðs.
- grein 4.4. í starfsleyfi: Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað innan tilskilins tímafrests. Á skilafrestur einnig við um úrgangsskráningar sbr. gr. 3.2 auk upplýsinga vegna skráninga sbr. 4.5 í starfsleyfi.
- grein 2.4 í starfsleyfi: Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda frá starfsemi urðunarstaðar og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili gat ekki lagt fram slík gögn við eftirlit en útilokar ekki að slíkt hafi verið gert.
- gr. 2.8 í starfsleyfi: Ekki lá fyrir við eftirlit staðfesting á ábyrgðartryggingu í gildi vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

#### ÁBENDINGAR

Við eftirlit ber rekstraraðila að hafa reiðubúin öll viðeigandi gögn starfsleyfis sem eftirlitsaðili kann að athuga við eftirlit. Hér um ræðir viðeigandi áætlanir og afrit af tryggingum (ábyrgðaryfirlýsing og tryggingar þurfa að vera í gildi og uppfærðar eftir því sem við á).

Við skil á upplýsingum ársyfirlits, þurfa að vera skýrar merkingar á því fyrir hvað mælingar standa og hvaða þætti verið er að mæla. Gott væri að brunnar væru hnitmerktir eða staðsettir á yfirlitsmynd og að hver sýnataka vitni í viðeigandi staðsetningu á sýnatöku. Merkja skal staðsetningu sigmælinga eftir því sem við á. Við skil á árlegum skráningum þurfa allar upplýsingar að liggja fyrir í ársyfirliti sbr. 4.1. í starfsleyfi og skiladagar virtir.

Er sett fram ábending varðandi það að rekstraraðili einn er ábyrgur fyrir skilum á niðurstöðum skráninga ársyfirlits sbr. starfsleyfi. Ef þriðji aðili sér um söfnun ákveðinna upplýsinga sem eiga við, ber rekstraraðili þó ábyrgð á að upplýsingum sé skilað og innan þess skilafrests sem miðað er við.

Minniháttar ábending er lögð fram vegna stærðar á seyrupytt inn á urðunarstað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
Halla Margrét Viðarsdóttir